

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norður-Múlasýslu um óupptæk 103
veiðarfæri botnvörpu-veiðimanna. — Út af þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslu- 26. ág.
 maður, dags. 12. f. m., þar sem þjer spyrjizt fyrir um það, hvort rjett sje að
 taka af botnvöru-veiðimönnum, er sekir verða um ólöglega veiði, stáltrássu þá,
 er netið er dregið í á eptir skipinu, þegar skipin einnig nota trássu þessa sem
 akkerisfesti, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar,
 að þegar skipin ekki hafa aðrar nægar akkerisfestar, heldur en hina umræddu
 stáltrássu, ber ekki að gjöra hana upptæka ásamt hinum öðrum veiðarfærum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af aldinvinum. — Út 104
 af fyrirspurn frá Þórarni kaupmanni Tulinius þess efnis, hvort svara beri að- 30. ág.
 flutningsgjaldi af aldinvinum, sem til eru búin í Danmörku, þegar þau eru flutt
 til Íslands, hefur ráðaneytið í dag tjáð spyrjanda, að jákvæði beri við að greiða,
 með því að telja verði aldinvin til þeirra »annara vínfanga«, sem um ræðir í
 4. málslíð 1. greinar í lögum 7. nóv. 1879 um breyting á lögum um gjald á
 brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, dags. 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr.
 1872, en af þeim ber að greiða 45 aura af hverjum potti, ef þau eru flutt í
 ílátum, stærri en svo, að þau rúmi 2 merkur, en sjeu þau flutt í minni ílátum,
 skal greiða 45 aura af hverjum 3 pelum.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar
 leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Fiskiveiðasamþykkt.

105
 31. ág.

Sýslunefndin í Strandasýslu hefur samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um
 ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. desbr. 1886,
 um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

S a m þ y k k t,

sem hefur inni að halda breyting á 1. gr. samþykktar um hákarlaveiðar á opn-
 um skipum í Strandasýslu, 20. október 1888.

Á tímabilinu frá 1. desembermán. til 25. marzmán. ár hvert má enginn,
 sem stundar hákarlaveiðar á opnum skipum í Strandasýslu, sleppa neinu af há-
 karli (skrokkum eða innýflum) í sjó án þess lífs-naudsyn liggi við.

*

*

*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til
 þess að öðlast gildi 1. desembermán. 1895.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 31. ágúst 1895.

J. Havsteen.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 106
sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amt- 9. sept.

10. dag októbermán. 1895.

106 maður, dags. 24. júlí þ. á., og þar með fylgjandi skjöl, 46 að tölu, viðvíkjandi
 9. sept. sveitfesti Stefáns Jónssonar frá Vopnafirði, en úrskurði amtsins þar að lútandi, dags. 9. febr. f. a., er ákveður, að Stefán sje sveitlægur í fæðingarhreppi sínum Vopnafjarðarhreppi, og að nefndum hreppi beri að greiða 332 kr. og 5 aura til bæjarsjóðs Kaupmannahafnar fyrir framlagðan styrk honum til handa, hefir hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps áfrýjað til mín með erindi, dags. 14. marz f.á., skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er samdóma amtinu um það, að engin sönnun sje fram komin fyrir því, að Stefán þessi hafi unnið sjer sveitfesti nokkurstaðar, og skal nefndur amtsúrskurður því í öllum greinum óraskaður standa¹. Jafnframt skal jeg þjónustusamlega skora á yður að annast um, að hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fullnægi úrskurðinum án frekari dráttar.

1) Úrskurður amtsins er svohljóðandi:

»Þjer hafid, herra sýslumaður, í stað þess, eins og jeg hafdi vonast eptir, samkvæmt brjefum mínum til yðar og hreppsnefndarinnar í Vopnafjarðarhreppi, dags. 28. septbr. f. á., að senda mjer á tilteknum tíma þær 332 kr. 5 a., sem hreppnum ber að endurgjalda bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn út af framfærslu timburmanns eða beykis Stefáns Jónssonar á árunum 1891, 1892 og 1893, og við heimflutniug hans til Íslands, — með þóknanlegu brjefi, dags. 11. f. m., sent mjer útskrift af yfirheyrslu yfir nefndum Stefáni Jónssyni, 16. nóvbr. f. á., og samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar, sem við nánari yfirvegun hafi farið að efa það, hvort Stefán eigi mundi hafa áunnið sjer framfærslurjett í Kaupmannahöfn, skotið spurningunni hjer um til amtsins.

Eins og þjer munið eptir, þá hafid þjer í brjefi, dags. 19. ágúst 1892, skýrt amtinu frá, að þjer hafid meðtekið yfirlýsing hreppsnefndarinnar í Vopnafjarðarhreppi þar sem hún viðurkennir Stefán þann Jónsson, sem spursmál er um, sveitlægan í nefndum hrepp, ef hann sje sá sami, sem fyrir nálega 30 árum sigidi frá Vopnafirði til Kaupmannahafnar til þess að læra þar beykishandið. Þar sem það nú síðar er komið fram, að um sama mann hafi verið að ræða, er spursmálið þannig á enda kljád, en þar við bætist, að það var enginn efi á því eptir yfirheyrslu þeirri, sem fram hafði farið yfir Stefáni í Kaupmannahöfn, að hann ætti sveitfesti í Vopnafjarðarhreppi, enda er þetta skýlaust tekið fram, sjer í lagi í brjefi amtsins, dags. 21. september f. á., og einnig í brjefi þess, dags. 7. febr. f. á., og amtið hefir lýst því yfir við bæjarstjórnina í Kaupmannahöfn, að það væri henni samdóma um, að Stefán Jónsson ætti enn sveitfesti í ádurnefndum fæðingarhrepp sínum. Þannig er málið einnig endilega útkljád með þessu samkomulagi milli bæjarstjórnarinnar og amtsins, sbr. 3. gr. fátækrareglugjörðar, 8. jan. 1834.

Það fer nú tjærri því, að þær upplýsingar skyldu vera komnar fram við þá yfirheyrzlu, sem fram hefir farið á Vopnafirði, og sem var alveg óþörf úr því búið var áður að yfirheyra Stefán í Kaupmannahöfn, að hann hafi áður áunnið sjer rjett til framfærslu í Kaupmannahöfn, heldur verður eigi annað dregið út úr yfirheyrslu þessari, en að ofannefndur Stefán Jónsson hafi aldrei haft fasta dvöl eða lögheimili í Kaupmannahöfn nógu lengi í senn, til þess að ávinna sjer framfærslu þar, eptir að hann kom þangað frá Vopnafirði, þar sem hann fyrst framan af var ýmist á Íslandi eða í Kaupmannahöfn, og síðan lengst af í siglingum, og ímyndun hans sjálts í þessu tilliti og það, að hann milli sjóferða sinna leitadi til sama vistarhúss, getur enga þýðingu hatt hjer. Amtið verður því enn sem áður að álita, að Stefán Jónsson sje sveitlægur í Vopnafjarðarhreppi, og skal jeg hjer með leggja fyrir yður að annast um, að hlutadeigandi hreppsnefnd borgi yður tafarlaust hina fyrnefndu upphæð 332 kr. 5 a., sem þjer skulud senda hingað svo tímanlega, að hún sje hingað komin 17. apríl næstkomandi í síðasta lagi. Þetta gefist yður hjer með þjónustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar og eptirbreytni, og til birtingar fyrir hreppsnefndinni í Vopnafjarðarhreppi.